

Nr. 18-123 S 080 Sæborg NS 40***Eldur og sekkur***

Skipaskr.nr. 2178
Útgerð: Grönvold ehf
Smíðaður: Skagaströnd 1988, trefjaplast.
Stærð: 8,20 brl. 11,20 bt.
Mesta lengd: 11,13 m Skráð lengd: 10,90 m
Breidd: 3,04 m Dýpt: 0,83 m
Vél: John Deere 175 kw, 2004
Fjöldi skipverja: 1



Sæborg©Vigfús Markússon

Gögn:

Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júlí 2018 var Sæborg NS 40 á siglingu á NA miðum. Veður: SV 6-12 m/s (Bjarnarey kl. 14:00)

Skipstjórinn hafði samband við Vaktstöð siglinga um kl. 14:50 og tilkynnti að báturinn væri alelda. Skipstjórinn fór í gúmmíbjörgunarbát og var síðan hífður um borð í þyrlu LHG sem kom á staðinn kl. 15:12. Sæborgin sökk um kl. 15:00 á stað 65°54,890N og 013°59,751V.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn varð var við olíueim frá vélarúminu áður en reykur barst frá því;
- að vélarúmið var staðsett undir stýrishúsinu með inngang að utanverðu en samt fylltist stýrishúsið strax af reyk;
- að skipverjinn gat ræst slökkvikerfið en náði ekki að loka fyrir eina af tveimur lofttúðum fyrir vélarúmið;
- að olíutankurinn var staðsettur aftast á bátinum og var með um 900 lítra af olíu sem skipverjinn taldi að hefði fýðrað eldinn;
- að gúmmíbjörgunarbátur var staðsettur ofan á stýrishúsinu og gekk vel að sjósetja hann;
- að björgunarbúningur var geymdur í káetu en skipverjinn komst ekki þar niður til að ná í hann sökum reyks;
- að báturinn brann niður á innan við 10 mínútum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Sérstök ábending:

Í ljósi þess mikla brunahraða sem verður þegar eldur hefur komið upp í plastfiskibátum gefst bátsverjum oft afar naumur tími til að komast frá borði. Hvetur nefndin því sjómenn smábáta að skoða vandlega með staðsetningu björgunarbúning þannig að unnt sé að ná til þeirra án þess að þurfa að fara niður í káetur bátanna.